



Alþingi
Alþingishúsið
Alþingi.is

Ungir Umhverfissinnar
4. febrúar 2021

Athugasemdir við 399. mál, Þingskjal 570, 151. löggjafarþing 2020–2021. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (hvatar til fjárfestinga).

Ungir Umhverfissinnar fagna því að lagt hafi verið fram frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt sem felur í sér grænar skattalegar ívilnanir til fjárfestingar. Mikilvægt er að nýta fjárfestingaráttak á tímum efnahagslæggðar til grænna hvata og þar með fjárfestingu í grænni uppbyggingu.

1. mgr.

Gildistími ákvæðisins

Um leið og Ungir umhverfissinnar fagna bráðabirgðarákvæðinu er brýnt að tryggja áfram grænar ívilnanir að gildistíma loknum.

2. mgr. 1. gr.

Orðalag

Skýra þarf betur hvað er átt við með í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Þá einkum hvað átt er við með orðanotkuninni „umhverfisvænt“ og hvað felist í uppfyllingu á „ákveðnum skilyrðum“ og hvað telst „stuðlað að sjálfbærri þróun.“ Ungir umhverfissinnar telja þetta orðalag óljóst og nokkuð matskennt. Brýnt sé að löggjafinn skýri frekar hvað sé átt við með þessum hugtökum og leggja þannig meginlinunar í umræddu frumvarpi. Telja Ungir umhverfissinnar þá mikilvægt að undir hugtakið umhverfisvænt falli eignir sem vinna gegn lofslagsvánni.

3. mgr. 1. gr.

Orkuviðmið Evrópusambandsins

Tæknipróun síðustu ára hefur haft það í för með sér að raftæki nota sífelld minna og minna rafmagn. Orkuviðmiðið í 1. tl. 3. mgr. frumvarpsins felur í sér að viðmið sem stendur til að uppfæra innan evrópskrar löggjafar og verður því A+ ekki lengur í hópi hæstu einkunnna á raftækum. Þá má í þessu samhengi benda á að flest raftæki í dag eru nú þegar með einkunnina A eða hærra.

Hluti af kerfi

Ungir umhverfissinnar setja spurningarmerki við það hvað sé átt við með „hluti af kerfi“ í 2. tl. 3. mgr. Óskað sé eftir frekari skýringa á þessu m.t.t. þess að koma í veg fyrir grænpvott. Mikilvægt er að aðilar sem almennt stunda óumhverfisvænan rekstur geti ekki nýtt sér þessa ívilnun í gegnum undirstofnun, deildir eða aðila.

Umhverfisvottun

Þá telja Ungir umhverfissinnar óljóst hvað sé átt við með umhverfisvottunum frá viðurkenndum aðilum í 2. tl. 3. mgr. 1. gr.

Samanburðareign

Óljóst er hvað sé átt við með samanburðareign. Mikilvægt er að skilgreina það nánar og mögulega krefjast þess að aðilar skili inn matsgerð eða uppfylli ákveðin skilyrði eða staðal til þess að fá eign samþykkt sem samanburðareign. Þetta sé til þess að tryggja að aðilar miði ekki við óumhverfisvænustu samanburðareignina á markaðnum.

5. mgr. 1. gr.

Ungir umhverfissinnar fanga því að það þurfi að leggja fram rökstuðning með umsókn varðandi skilyrði fyrningarálags.

6. mgr. 1. gr.

Undir 75 milljónum

Ungir umhverfissinar vilja ítreka mikilvægi þess að þetta sé alltaf sannarlega umhverfisvæn starfsemi sem er að fá ívilnanir og því mikilvægt að eignir sem eru undir 75 milljónir uppfylli kröfur og sýni fram á jákvæð umhverfisáhrif eignarinnar í umsókninni.

Óháðir sérfræðingar


Ungir umhverfissinar leggja áherslu á að sérfræðingarnir sem fara yfir umsókninar séu sérfræðingar á sviði umhverfismála.

8. mgr. 1. gr.

Umhverfi markmið í reglugerð

Ungir umhverfissinar telja brýnt að kveðið sé á um megininntak umræddra umhverfismarkmiða í lögnum og telja jafnframt að með þessu ákvæði sé verið að gefa ráðherra of víðtækt vald til þess að ákveða umhverfismarkmiðin sem fara skal eftir. Fagna Ungir umhverfissinar þó því að ekki verði reiknað fyrningarálag fyrir þær eignir sem ganga gegn einu eða fleirum umhverfismarkmiðum.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna



Rebekka Karlsdóttir, ritari

S. 8672405